



## Áfangalýsing ML

<b>Titill:</b>	Kynjafræði
<b>Námsgrein:</b>	Kynjafræði
<b>Viðfangsefni:</b>	Kynjafræði
<b>Skammstöfun:</b>	KYNJ1KY05
<b>Þrep:</b>	1
<b>Einingafjöldi:</b>	5
<b>Lýsing:</b>	<p>Í áfanganum eru staðalímyndir og staða kynjanna á ýmsum sviðum samfélagsins skoðuð út frá kenningum félagsvísinda. Nemendur fá tækifæri til þess að setja upp hin svokölluðu kynjagleraugu þar sem skoðuð eru valdatengsl kynja og kynhlutverka. Í Kynjafræði er þannig nýju ljósi varpað á viðfangsefni sem margir skynja sem algildan sannleika eða hlutlausu sýn á heiminn. Markmið kynjafræðinnar er almennt að vinna að auknu jafnrétti en jafnréttismál varðar okkur öll í samfélaginu og er kynferði eitt af því sem skapar margbreytileika mannlífsins líkt og ýmsar aðrar breytur eins og aldur, kynhneigð, stétt, kynþáttur og fleira. Markmiðið er að skoða hvernig kynhlutverkin skarast á við þessa þætti og vekja nemendur til meðvitundar um réttindi sín hvað varðar jafnréttismál. Nemendur læra að beita hugtökum kynjafræðinnar og skoða málefni eins og klám, klámvæðingu og ofbeldi. Nám og kennsla fer meðal annars fram með fyrirlestrum, umræðum og fjölbreyttum hóp- og einstaklingsverkefnum. Þátttaka nemenda er því lykilatriði í öllu náminu.</p>
<b>Forkröfur:</b>	Engar
<b>Þekkingarviðmið:</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• stöðu kynjanna og birtingarmyndir kynjaskekkju í samfélaginu.</li><li>• helstu hugtökum og aðferðum kynjafræðinnar.</li><li>• mismunandi mótun kynjanna út frá menningu, umhverfi og tíma.</li><li>• staðalmyndum um kvenleika og karlmennsku.</li><li>• að jafnréttismál varða allt samfélagið.</li><li>• samtvinnun mismunabreyta.</li><li>• grunnhugmyndum hinsegin málefna.</li><li>• klámi og áhrifum þess á kynheilbrigði.</li><li>• kynbundnu ofbeldi og mörgum birtingarmyndum þess, svo sem mansali og kynferðislegu ofbeldi.</li><li>• réttindum er varða jafnréttismál.</li><li>• áhrifum jafnréttisbaráttunnar.</li></ul>



<b>Leikniviðmið:</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• útskýra hugtök kynjafræðinnar og geta notað þau.</li><li>• líta á samfélagið frá sjónarhorni kyns og kyngervis með gagnrýnum augum.</li><li>• greina stöðu og staðalmyndir kynjanna á mörgum sviðum samfélagsins.</li><li>• rýna í menningu og átta sig á stöðu kynjanna eins og hún birtist þar.</li><li>• greina goðsagnir varðandi kynjamun og kynímyndir í samfélaginu.</li><li>• koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri.</li><li>• afla upplýsinga um jafnréttismál.</li><li>• greina áhrif kynjakerfisins á nærsamfélag sitt.</li></ul>
<b>Hæfniviðmið:</b>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• greina áhrif kynferðis á líf sitt og annarra.</li><li>• tengja menningu samfélagsins, gildi og verðmæti við eigið líf.</li><li>• setja sig í spor annarra og bera virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti.</li><li>• ígrunda viðhorf sín og geta tekið þátt í samræðum um jafnrétti á sjálfstæðan og rökréttan hátt.</li><li>• taka ábyrga afstöðu til jafnréttismála.</li><li>• styrkja sjálfsmynd sína og taka virkan þátt í samfélaginu með jafnrétti að leiðarljósi.</li><li>• geta sett fram þekkingu sína á munnlegan og skriflegan hátt og geta metið eigið vinnuframlag.</li></ul>
<b>Námsmat</b>	Tilgreint í kennsluáætlun.